



Vafrakökustefna Reykjanesbæjar



Vafrakökustefna Reykjanesbæjar

Mótuð í ágúst 2018.

Þessi vefur notar vafrakökur (e. cookies)* til að tryggja notendum sem bestu upplifun af vefnum. Vafrakökur eru skrár sem komið er fyrir á tölvu notanda sem heimsækir vefinn og geymir upplýsingar um heimsóknina. Það er meðal annars gert til að koma til móts við þarfir fólks sem á erfitt með að lesa af skjá.

Reykjanesbær notar Site Improve (<https://siteimprove.com/>) til vefmælinga. Þegar vefur Reykjanesbæjar er notaður verða til upplýsingar um heimsóknina. Þær upplýsingar eru einungis notaðar til þess að bæta þjónustu við notendur. Upplýsingarnar varða umferð notenda á vef Reykjanesbæjar, hvaða upplýsingum leitað er að, hvaða síður eru mest heimsóttar, úr hvers konar miðlum vefurinn er heimsóttur, frá hvaða vef er komið og gerð vafra og stýrikerfis. Ekki er gerð til tilraun til að afla persónugreinanlegra upplýsinga né í markaðslegum tilgangi.

Stefna hugbúnaðarhús sem þjónustar vef og hýsir notar eina vafraköku til að tryggja virkni vefjarins og eðlilega starfsemi hans.

Það er stefna Reykjanesbæjar að nota vafrakökur sparlega og upplýsingum er ekki miðlað til annarra nema samkvæmt lagaskyldu til eftirlitsaðila.

[Persónuverndarstefna Reykjanesbæjar](#) er á vef Reykjanesbæjar undir Stjórnsýsla: Stefnumótun: Stefnur og samþykktir

**Einnig kallað fótspor*